



STARFSLEYFI

Langanesbyggð

Kt. 420369-1749

Athafnasvæði við Háls

680 Þórshöfn

- Endurnýting úrgangs til landfyllingar-

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: 1. júní 2038

1. júní 2026

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Starfsleyfishafi: Langanesbyggð
Kennitala: 420369-1749
Starfsemi: Endurnýting úrgangs til landfyllingar
Starfsstöð: Athafnasvæði ofan gömlu steypustöðvarinnar á Þórshöfn.

Gildistími starfsleyfis: frá 1. júní 2026 til 1. júní 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð 803/2023 um meðhöndlun úrgangs

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- Starfsleyfi þetta veitir starfsleyfishafa heimild til að taka á móti úrgangi til landfyllingar innan svæðis sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
 - 66° 12' 03.0" N, 15° 18' 44.1" W
 - 66° 12' 03.9" N, 15° 18' 46.7" W
 - 66° 12' 09.9" N, 15° 18' 38.6" W
 - 66° 12' 07.7" N, 15° 18' 34.4" W
- Starfsemin telst *endurnýting úrgangs í fyllingu* í skilningi laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og fellur undir starfsleyfisskyldu heilbrigðisnefndar samkvæmt 19. tölulið IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Einungis er heimilt að nota jarðefni og úrgang sem telst hentugur til endurnýtingar í fyllingu og uppfyllir skilyrði laga og reglugerða um mengunarvarnir.

Sem dæmi er heimilt að nota, eftir því sem við á:

- ómengaðan jarðveg,
- sand, steina og mulinn berggrunn,
- uppgröft,
- hreina og járnhreinsaða steypu,
- dýpkunarefni, enda uppfylli það kröfur reglugerðar um mengaðan jarðveg.

- 1.4. Óheimilt er að nota spilliefni eða annan úrgang sem ekki telst hæfur til endurnýtingar í fyllingu.
- 1.5. Landfylling samkvæmt starfsleyfi þessu skal ekki nýtt sem förgunarleið fyrir úrgang


Endurnýting úrgangs í fyllingu er einungis heimil þegar:

1. úrgangurinn kemur í stað efnis sem ella hefði verið keypt til framkvæmdarinnar,
 2. notað magn takmarkast við það sem er nauðsynlegt fyrir framkvæmdina, og
 3. úrgangurinn hentar tæknilega og umhverfislega til fyrirhugaðrar notkunar
- 1.6. Rekstraraðili skal, eftir þörfum, tryggja að fyrir liggi rannsóknir sem staðfesta að efni sem notuð eru í landfyllingu séu ómengað og hæf til endurnýtingar.
 - 1.7. Rekstraraðili skal halda skrá yfir:
 - uppruna úrgangs og jarðefna sem notuð eru í landfyllingu,
 - magn og eðli efna sem notuð eru
 - niðurstöður rannsókna, eftir því sem við á.
 - 1.8. Tryggja skal að framkvæmd landfyllingar valdi ekki:
 - mengun jarðvegs, grunn- eða yfirborðsvatns,
 - óhóflegri rykmyndun,
 - aurfloti eða framburði efnis út fyrir leyfissvæði.
 - 1.9. Við framkvæmd landfyllingar og mat á því hvort efni teljist hæf til endurnýtingar í fyllingu skal, auk ákvæða laga og reglugerða, hafa hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um endurnýtingu úrgangs í fyllingar (apríl 2024), eftir því sem við á
 - 1.10. Starfsleyfið er gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur eftirlit með starfsemi.
 - 1.11. Verði breyting á eðli, umfangi eða framkvæmd landfyllingar sem getur haft áhrif á mengun eða mat á endurnýtingu úrgangs, skal leita eftir breytingu á starfsleyfi áður en slík breyting á sér stað.
 - 1.12. Fylgi rekstraraðili ekki skilyrðum starfsleyfis, lögum eða reglugerðum um mengunarvarnir er útgefanda starfsleyfis heimilt að beita viðurlögum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998.
 - 1.13. Um starfsemina gilda jafnframt almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi

1. júní 2026

fh. Heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**


Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi